

Skýrsla Keppnisnefndar LH 2019

Í keppnisnefnd LH sitja Ólafur Þórisson, Hulda Gústafsdóttir, G. Snorri Ólason, Valdimar Ólafsson, Siguroddur Pétursson, Ómar Ingi Ómarsson og Thelma Dögg Harðardóttir. Þessir einstaklingar koma frá stjórn LH, GDLH, HIDI og FT. Þetta er hópur með mjög breiða aðkomu að mótahaldi, keppni og dómstörfum, sem gerir alla vinnuna faglega og skemmtilega. Hópurinn er að mínu mati sérlega öflugur og þakka ég þeim kærlega fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Eftir Landsþing LH lágu fyrir samþykktar tillögur um reglur í keppni sem keppnisnefnd hjálpaði til við að koma inni lög og reglur LH og var ný útgáfa gefin út 1.apríl 2019. Einnig voru nokkrar smávægilegar breytingar á reglum samþykktar á síðasta Feifþingi í febrúar 2019 sem eru líka komnar inni nýju útgáfu reglnanna.

Nýliðið keppnisár hefur gengið mjög vel og lítið komið inná borð keppnisnefndar. Nefnd á vegum LH með fulltrúa úr keppnisnefnd er að vinna með að samræma gæðingafimi reglur þannig að allir séu að keppa eftir sömu reglum í gæðingafimi og mun sú vinna vonandi skila sér í tillögu með Gæðingafimi sem keppnisgrein inni reglupakka LH á næsta landsþingi. Nefndin hefur fundað nokkrum sinnum á liðnu ári.

Keppnistímabilið 2019

fjöldi skráninga á landinu öllu eru rúm 10.000 skráningar

26 hestamannafélög af 42 hestamannafélögum eru að nýta sér sportfenginn

12 hestamannafélög eru með 5 mót eða fleiri á árinu.

7 hestamannafélög eru að nýta sér námskeiðaskráningu í sportfeng. Þar hvetjum við hestamannafélög til að nýta sér betur.

Allar reglur varðandi spjöld í keppnisreglunum LH og FEIF eru til skoðunar í sportnefnd FEIF sem mun funda nú á haustdögum 2019. Vonandi koma einhverjar skýrar línur varandi þau mál. Vonandi verður líka tekin þar til umræðu þau mál sem komu upp á HM 2019 varðandi reglur um vísun úr keppni eftir skoðun að keppni lokinni.

Fleira markvert hefur ekki borist til okkar á þessu ári og þökkum við samstarfið.

keppnisnefnd LH

Fyrir hönd keppnisnefndar

Ólafur Þórisson